

**Breytingatillögur sem lagabreytinganefnd gerir ekki að sínum en  
tillöguflytjendur vilja halda til streitu:**

**Breytingatillaga Ungra Vinstri grænna:**

Önnur milligrein 27. greinar hljóði svo:

„Flokkstjórn skal kosin á landsfundi. Formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri skulu kosnir sérstaklega og að auki skulu kosnir sjö meðstjórnendur. Formaður Ungra vinstri grænna situr einnig í stjórn. Þessir tólf mynda flokkstjórn VG. Auk þess skal kjósa fjóra varamenn.“

**Breytingatillaga Gísla Árnasonar:**

Önnur milligrein 27. greinar hljóði svo:

„Formaður flokksins, varaformaður, ritari og gjaldkeri skulu kosnir sérstaklega á landsfundi. Að auki tilnefnið hvert kjördæmisráð einn meðstjórnanda og einn varamann í flokkstjórn VG. Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslur ræður atkvæði formanns.“

Fyrsta málsgrein 28. greinar hljóði svo:

„Flokksráð mynda aðal- og varamenn í flokkstjórn, þingmenn og varaþingmenn og sveitarstjórnarfulltrúar flokksins, formenn kjördæmisráða, formenn svæðisfélaga og formaður ungliðahreyfingar foksins. Auk þess tilnefnið hvert kjördæmisráð fimm fulltrúa í flokksráð. Varaformaður flokkstjórnar er jafnframt formaður flokksráðs.“

**Breytingatillaga Héðins Björnssonar:**

Við 3. grein bætist eftirfarandi setning:

„Þá skal enginn gegna meira en tveimur trúnaðarstöðum fyrir flokkinn í einu og enginn gegna sömu trúnaðarstöðu í meira en tíu ár í senn.“

**Breytingatillaga Guðmundar Albertssonar:**

23. grein hljóði svo:

„Kosningarétt og kjörgengi í trúnaðarstöður VG hafa allir félagsmenn í svæðisfélögum flokksins sem greitt hafa síðasta árgjald.“